

## Nd. 318. Frumvarp til laga

um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

### 1. gr.

Hreindýr skulu friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum. Þó er ráðherra heimilt að láta veiða hreintarfa, ef sérstök ástæða virðist til. Ennfremur er ráðherra heimilt að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis.

### 2. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa sérstakan mann eða menn til aðstoðar yfirvöldum landsins við eftirlit með, að lögum þessum sé hlýtt, og til þess að hafa að öðru leyti eftirlit með hreindýrum. Kostnaður, sem af þessu kann að leiða, greiðist úr ríkissjóði.

### 3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. laga þessara varðar 200 króna sekt í fyrsta sinn fyrir hvert dýr, sem veitt er, og tvöfaldast sektin við hverja itrekun brots, allt að 800 kr.

### 4. gr.

Fara skal með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar til sveitarsjóðs heimilissveitar hans.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi öll ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þau.

## Greinargerð.

Síðastliðið sumar var að tilhlutun ríkisstjórnarinnar farinn leiðangur undir stjórn Helga Valtýssonar til þess að rannsaka, hve mikið af hreindýrum myndi hafast við á öræfunum norð-austanlands, en eins og kunnugt er, hafa hreindýrin hafzt þar við nú allengi. Hinsvegar hvergi annarstaðar hérlendis svo vitað sé.

Hugmyndir manna um fjölda hreindýra og viðgang hafa verið mjög á reiki. Sumir hafa haldið, að hreindýrin skiptu hundruðum, næðu jafnvel þúsundi, en aðrir álitu, að þau væru fremur fá. Sumir töldu, að þeim færi fjölgandi, en aðrir héldu því fram, að þeim fækkaði stöðugt. Þeir, sem þátt tóku í umræddum leiðangri, telja nokkurnveginn öruggt, að þeir hafi komizt að því, hve mörg hreindýr hafist við á þessum slóðum. Er það álit leiðangursmanna, að dýrin séu um eitt hundrað að tölu, þar með taldir kálfar. Er það því augljóst mál, að hreindýrunum hefir mjög fækkað undanfarin ár, og að þau eru orðin mun færri en menn hafa gert ráð fyrir. Virðist hætta á, að hreindýrin deyi með öllu út hér á landi, og er það hinn mesti skaði og skömm, ef þannig tekst til. Enn er ekki að fullu athugað, hvern hag landsmenn gætu haft af hreindýrunum, ef rétt væri að farið. Komi það hinsvegar í ljós, að þau gætu verið landsmönnum mikil nytjadýr, væri það ómetanlegt tjón, að hafa látið hinn innlenda stofn lifa undir lok. Virðist því brýn þörf á að gera allar ráðstafanir, sem hægt er, til þess að viðhalda stofninum og skapa skilyrði fyrir fjölgun hreindýranna.

Tillögur Helga Valtýssonar, sem annaðist um ofan nefndan leiðangur, eru í aðalatriðum þessar:

- 1) Að framvegis verði haft sem nánast eftirlit með hreindýrahjörðinni, og miklu meira eftirlit með því að friðunarlögin séu haldin en verið hefir.

2) Að heimilt verði að fækka törfum í hreindýrahjörðinni, þar sem álíta verði, að tala þeirra sé of há í hlutfalli við stærð hjarðarinnar eins og hún nú er.

Í frumvarpinu er stuðzt við þetta álit og lagt til, að lögunum um friðun hreindýra verði breytt á þann hátt, að heimilt sé að láta skjóta ákveðna tölu tarfa, ef sérstök ástæða virðist til. Ennfremur að heimilt sé að skipa sérstakan mann eða menn til aðstoðar yfirvöldum við eftirlit með því, að friðunarlögunum sé framfylgt, og hafa að öðru leyti eftirlit með hreindýrastofninum. Ætti með þessu móti að vera hægt að afla meiri og betri þekkingar á lifnaðarháttum hreindýranna, líðan þeirra og ástæðum fyrir því, að dýrunum skuli ekki fjölga. Gæti slík þekking orðið að miklu liði við at-  
hugun á því, hvort ekki verður í framtíðinni unnt að hafa einhverjar nytjar af hreindýrunum.

Nánar í framsögu.